



8. febrúar 2021

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 400. mál á 151. löggjafarþingi

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða úrskurðaraðila á sviði neytendamála (einföldun úrskurðarnefnda)

Hagsmunasamtök heimilanna eru opinberlega viðurkennd samtök á sviði neytendaverndar, með áherslu á neytendavernd á fjármálamarkaði. Afstaða samtakanna til frumvarps þessa afmarkast því við þau efnisatriði þess sem snerta réttindi neytenda á fjármálamarkaði sérstaklega, einkum 7.-8. gr. sem lúta að breytingum á lögum um neytendalán og fasteignalán til neytenda.

Með 7.-8. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæðum 33. gr. laga um neytendalán nr. 33/2013 og 10. gr. laga um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016, verði breytt þannig að í stað úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki verði þar vísað til úrskurðaraðila samkvæmt lögum um úrskurðaraðila á sviði neytendamála nr. 81/2019. Af ummælum í kafla 2.2 í greinargerð með frumvarpinu má ráða að þar með yrði umrædd úrskurðarnefnd lögð niður í núverandi mynd. Yrði frumvarpið að lögum myndi því að öllu öðru óbreyttu leiða af 1.-2. mgr. 16. laga nr. 81/2019 að verkefni úrskurðarnefndarinnar færðust þá undir lögsögu kærunefndar vöru- og þjónustukaupa.

Þar með er ekki öll sagan sögð, því af ummælum í 2.2. kafla greinargerðarinnar má jafnframt ráða að endanlegt markmið frumvarpsins sé að deilur neytenda við fjármálafyrirtæki (o.fl.) verði leystar hjá frjálsum viðurkenndum úrskurðaraðilum í stað lögbundinna úrskurðaraðila. Þannig verði starfsemi úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki (o.fl.) færð nær upprunalegu fyrirkomulagi með samningi starfsgreinasamtaka og samtaka neytenda.

Þegar úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki var fyrst komið á fót voru Neytendasamtökin í fararbroddi neytendaverndar hér á landi og var þeim því eðlilega falið að tilnefna tvo nefndarmenn, samtökum fjármálafyrirtækja tvo, en ráðherra þann fimmta sem formann nefndarinnar.

Frá stofnun Hagsmunasamtaka heimilanna árið 2009 hafa þau lengist barist fyrir viðurkenningu sem samtök um neytendavernd á fjármálamarkaði. Þar á meðal að þeim verði veittur réttur til að tilnefna fulltrúa í umrædda úrskurðarnefnd, með hliðsjón af jafnræðisreglu. Þau sjónarmið fengu jákvæðan hljómgrunn á fundi 28. október 2019 með nefnd um endurskoðun á fyrirkomulagi úrskurðarnefnda á fjármálamarkaði, en þrátt fyrir það hefur slík breyting ekki komið til framkvæmda.

Hagsmunasamtök heimilanna ítreka hér með þá afstöðu sína að þegar úrskurðarnefnd af því tagi sem hér um ræðir er komið á fót með lögum eða samningi starfsgreinasamtaka og samtaka neytenda, verði að tryggja öllum slíkum samtökum sem gæta mismunandi hagsmuna jafna aðkomu. Ekki síst hvað varðar tilnefningar og skipan fulltrúa í slíka úrskurðarnefnd.

Eins og að framan segir verður að gæta jafnræðis við skipan í úrskurðarnefndir á sviði neytendamála, en Hagsmunasamtök heimilanna telja frumvarp það sem hér um ræðir ekki tryggja það á neinn hátt. Þvert á móti telja samtökin að ef frumvarpið yrði að lögum, myndi það leiða til óvissu um hvernig þessum málum yrði háttað til frambúðar og gera þannig réttarstöðu neytenda erfiðari. Enn fremur telja samtökin að ýmsar forsendur frumvarpsins byggist á misskilningi eða jafnvel rangtúlkunum á niðurstöðum í skýrslu Dr. jur. Páls Hreinssonar um sjálfstæðar stjórnarsýslunefndir.

Samtökin vísa í þessu sambandi sérstaklega til umfjöllunar í kafla 7.2 skýrslunnar þar sem er nokkuð ítarlega rakinn bakgrunnur þeirra ákvæða sem fyrrnefndar breytingar lúta að. Að teknu tilliti til allra þeirra réttarheimilda sem að baki búa er komist að þeirri niðurstöðu að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki verði talin sjálfstæð stjórnarsýslunefnd (sjá efst á bls. 32).

Samkvæmt framangreindri ályktun gilda meginreglur stjórnarsýsluréttar og eftir atvikum stjórnarsýslulög nr. 37/1993 um starfsemi nefndarinnar. Frumvarpið leysir ekki úr þeirri óvissu sem kann að hafa ríkt um þessa stöðu nefndarinnar, þvert á móti getur það aukið þá óvissu með því að fjarlægja lagastoðir fyrir starfsemi nefndarinnar. Að mati samtakanna er því farin algjörlega röng leið með frumvarpinu. Miklu fremur ætti að byggja slíkum úrskurðaraðila skýrari og styrkari lagastoð.

Samtökin benda í þessu sambandi á að frumvarpið myndi ekki heldur geta haft þau áhrif sem virðast vera hið eiginlega markmið þess, þ.e. að umrædd úrskurðarnefnd verði undanskilin frá gildissviði reglna á sviði stjórnarsýsluréttar. Eins og vísað er til í fyrrnefndri skýrslu byggjast umrædd ákvæði 33. gr. laga um neytendalán nr. 33/2013 á 24. gr. tilskipunar 2008/48/EB um lánasamninga fyrir neytendur og 10. gr. laga um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016 á 39. gr. tilskipunar 2014/17/ESB um lánsamninga fyrir neytendur í tengslum við íbúðarhúsnæði.


Samkvæmt 2. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, hefur meginmál EES samningsins lagagildi hér á landi. Af honum leiðir að íslenskum stjórnvöldum ber skylda samkvæmt fyrrnefndum tilskipunum til að tryggja með lögum að fullnægjandi og skilvirk málsmeðferð við lausn deilumála neytenda varðandi lánsamninga sé fyrir hendi. Þannig leiðir sú skylda beinlínis af íslenskum lögum að slíkur úrskurðaraðili sé lögbundinn, fremur en að byggjast á frjálsum samningi.

Enn fremur leiðir af 13. laga nr. 81/2019 að viðurkenndir úrskurðaraðilar eru á vissan hátt lögbundnir hvort sem er, rétt eins og kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Þess vegna haggar frumvarpið að mati samtakanna ekki þeirri fyrrgreindu ályktun Páls Hreinssonar að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki verði í öllu falli talin sjálfstæð stjórnarsýslunefnd, sem falli þar með undir meginreglur á sviði stjórnarsýsluréttar og eftir atvikum viðeigandi ákvæði stjórnarsýslulaga.

Samtökin ítreka kröfu sína um jafna aðkomu að tilnefningum fulltrúa í umrædda úrskurðarnefnd. Enn fremur leggjast samtökin gegn því að frumvarpið verði samþykkt í óbreyttri mynd.

- o -

Virðingarfyllt,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,



Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is